FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/516 **2026/EES/55/09**

frá 10. mars 2026

um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2025/1403 að því er varðar styrk tújóna í spánarsalvíuilmkjarnaolíu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Efnið spánarsalvíuilmkjarnaolía úr *Salvia officinalis* ssp. *Lavandulifolia* (Vahl) Gams var leyft til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1403 ([2]).

2) Í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2025/1403 er fyrir mistök vísað í styrk tújóna í spánarsalvíuilmkjarnaolíu með gildi sem nemur „0,001%“ en samkvæmt vísindalegu áliti Matvælaöryggisstofnunar Evrópu frá 17. september 2024 ([3]) var styrkur tújóna í spánarsalvíuilmkjarnaolíu ekki greindur með gas- og massagreiningu (magngreiningarmörk 0,001%).

3) Því ætti að leiðrétta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2025/1403 til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leiðrétting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2025/1403

Í færslunni fyrir fóðuraukefnið 2b413-eo spánarsalvíuilmkjarnaolía í þriðja dálki „Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð“ undir fyrirsögninni „Nákvæm skilgreining“ í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2025/1403 kemur „— Tújón: ≤ 0,001%“ í stað undirliðarins „— Tújón: 0,001%“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/516, 11.3.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 191/2026 frá 10. júlí 2026 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1403 frá 16. júlí 2025 um leyfi fyrir spánarsalvíuilmkjarnaolíu úr *Salvia officinalis* ssp. *lavandulifolia* (Vahl) Gams og lofnarblómailmkjarnaolíu úr *Lavandula angustifolia* Mill. sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtíð. ESB L, 2025/1403, 17.7.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/1403/oj).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2024 22(10), e9015, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2024.9015.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. mars 2026.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.